

Fagurt galaði fuglinn sá...

Greinargerð með námsefni

Samúel Þorsteinsson



Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed. – gráðu
í grunnskólakennarafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið

Apríl 2009

Samúel Þorsteinsson
120882-4659

Háskóli Íslands
Menntavísindasvið

Lokaverkefni til B.Ed. – prófs

Fagurt galaði fuglinn sá...

Greinargerð með námsefni

Samúel Þorsteinsson

120882-4659

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Kennaradeild, grunnskólakennarafræði

Apríl 2009

Efnisyfirlit:

FORMÁLI HÖFUNDAR:	4
INNGANGUR:	5
TÓNMENNT:	6
ÞJÓÐLÖG OG TÓNMENNT:	7
SAMÞÆTTING:	8
LOKAORÐ:	9
HEIMILDASKRÁ:	10

Formáli höfundar:

Greinargerð þessi er meðfylgjandi námsefninu *Fagurt galaði fuglinn sá...* sem er lokaverkefni mitt til B. Ed.-prófs af Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Ég, Samúel Þorsteinsson, er nemandi við Tónmenntakennaradeild Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Þessari greinargerð er ætlað að varpa ljósi á tilurð og tilgang lokaverkefnisins sem var getið um hér á undan. Ég mun fara yfir helstu ástæður þess að ég valdi að fara þessa leið og tengja það við tónmenntafræðslu almennt. Einnig fer ég yfir þau markmið sem liggja að baki verkefninu, kennsluáðferðir og tengi við *Aðalnámsskrá grunnskóla*. Að auki skoða ég möguleikana á samþættingu verkefnisins við aðrar námsgreinar.

Við lok þessa formála vil ég nota tækifærið og þakka þeim fjölmörgu sem hafa hjálpað mér við gerð þessa lokaverkefnis. Ég bendi á að ítarlegur þakkarlisti er í námsefninu sjálfu.

Inngangur:

Máttarstólpi menntun er,
mannkynið hún nærir.
Heim voran í hendi sér,
hefur sá sem lærir.

SP

Helsta ástæða þess að ég valdi að gera námsefni í tónmennt sem lokaverkefni er sú að mér finnst vanta námsefni í tónmennt, sérstaklega fyrir mið- og unglingastig. Sjálfur starfaði ég sem leiðbeinandi í tónmennt áður en ég hóf nám í Kennaraháskóla Íslands (nú Háskóli Íslands). Þó að ýmislegt sé til af góðu námsefni fannst mér að úrvalið mætti vera meira. Ég er ekki einn um þessa skoðun því í samræðum mínum við aðra tónmenntakennara hef ég komist að því að margir deila þessari skoðun með mér.

Ég var alltaf ákveðinn í að búa til námsefni sem lokaverkefni. Ég var þó ekki viss um hvernig námsefni ég vildi gera. Þegar ég byrjaði í Tónmenntakennaradeildinni hafði ég margar hugmyndir. Ég er til dæmis mjög fylgjandi kennslu í samspili á hljóðfæri, bæði rafmögnuð og órafmögnuð. Þá finnst mér spennandi kostur fyrir tónmenntakennara að láta nemendur í samvinnu við kennara útsetja tónlist fyrir þau hljóðfæri sem til eru í kennslustofunni. Þar að auki er ég áhugamaður um þjóðleg fræði og flest það sem snýr að sögu þessa lands. Þegar að því kom, fyrir síðastliðin áramót, að ég þurfti að þrengja val mitt og komast að niðurstöðu fannst mér tilvalið að blanda þessu saman. Úr þeim hrærigraut varð síðan þetta námsefni sem snýr annars vegar að fræðslu um íslensk þjóðlög og hins vegar um útsetningar á þeim. Innihaldi námsefnisins er betur lýst í námsefninu sjálfu.

Það þarf að huga að mörgu þegar námsefni er samið. Hver er tilgangur námsefnisins? Hvaða markmið liggja að baki því? Fyrir hvern er námsefnið? Hvernig samrýmist það kröfum *Aðalnámskrár grunnskóla*? Hvernig á námsefnið að vera uppbyggt og hverju bætir það við það námsefni sem fyrir er á markaðnum? Í þessari greinargerð verður leitast við að svara ofantöldum spurningum og stiklað á stóru um tónmennt. Frá uppbyggingu námsefnisins er betur sagt í inngangi námsefnisins.

Tónmennt:

Í skýrslu um fræðslu barna og unglunga frá 1905 leggur höfundurinn, Guðmundur Finnbogason 1994, til að söngur verði meðal þeirra tíu námsgreina sem kenna eigi í grunnskólum landsins. Fyrir þessu færir hann eftirfarandi rök. „Þeir sem að unna sama laginu, sama ljóðinu eru að sama skapi andlega skyldir og skilja því betur hver annan“ (Guðmundur Finnbogason 1994:111-112). Þessi skýrsla varð síðan grundvöllur fyrstu fræðslulaganna sem samþykkt voru af Alþingi árið 1907 (Loftur Guttormsson 1996:10). Það má því segja að tónmenntakennsla í einhverri mynd hafi fylgt skólasterfi frá fyrstu fræðslulögum og jafnvel fyrr.

Rökin fyrir tónmenntakennslu hafa þó breyst í gegnum tíðina sem og áherslur um hvað á að kenna. Í nýjustu útgáfu *Aðalnámskrár grunnskóla 2007*, eða hundrað árum eftir útgáfu fyrstu fræðslulaganna, er meðal annars talað um að tónlist sé mikilvægur atvinnuþáttur. Einnig er talað um að tónlist sé stór hluti mannglegrar greindar og komi inn á allar aðrar námsgreinar sem kenndar eru. Af þessum lestri er það greinilegt að tónmennt skiptir og hefur alltaf skipt miklu máli í námi barna og unglunga. Samkvæmt fjölgreindakenningu Howards Gardners er tónlistargreind ein af greindunum átta. Sé farið eftir þessari kenningu er hver og einn nemandi sterkastur á einu eða fleiri greindarsviðum. Þeir sem eru með sterka tónlistargreind njóta sín yfirleitt best í tónmennt en ganga ekki endilega jafn vel með aðrar námsgreinar (Armstrong 2000:14).

Eftir að hafa lesið ofangreindar staðreyndir er erfitt að skilja hvers vegna tónmennt skipar þá ekki stærri sess í skólakerfi okkar. Þetta er að vísu matsatriði en miðað við til dæmis stærðfræði og erlend tungumál er vægi tónmenntar töluvert minna. Það sem talið er upp hér að ofan má meðal annars greina á því að tónmennt fær færri tíma í stundatöflu, það er meira á huldu hvað á að kenna og hvernig og síðast en ekki síst þá er til minna af aðgengilegu námsefni í tónmennt. Þessi síðastnefnda staðreynd er ein af ástæðum þess að ég réðst í að gera námsefni í tónmennt í lokaverkefni mínu við Háskóla Íslands. Það námsefni sem til er í tónmennt er í miklum meirihluta fyrir yngsta stig og þess vegna valdi ég að gera námsefni fyrir mið- og unglingastig.

Þjóðlög og tónmennt:

Tónlist hefur fylgt manningnum frá örófi alda og er samofin menningu hans og örlögum. Þjóðlögin okkar og fornkvæðin eru það elsta sem við eigum af tónlist og ef þjóðlögin eru skoðuð endurspeglar þau sögu þjóðarinnar. Þess vegna er nauðsynlegt að nemendur fái að kynna þessum menningararfi okkar allra. Til að mynda er kveðið á um það í *Aðalnámskránni* að nemendur fái heildarmynd af sögu Íslands (Aðalnámskrá grunnskóla. Samfélagsfræði 2007:7). Varla er hægt að ætlast til þess að nemendur geti öðlast heildarsýn af sögu landsins ef þeir kynna ekki þjóðlögunum okkar.

Tónmennt eitt til fimm sem Námsgagnastofnun gaf út, fyrst sem tilraunaútgáfu á árunum 1974 – 1978, inniheldur töluvert efni um þjóðlög. Þar er margt ágætt og einnig í öðru eldra námsefni. Nú hafa áherslur í tónmennt hins vegar breyst mikið og mikil áhersla er lögð á skapandi þátt tónlistar í kennslunni. Þess vegna er mikil þörf fyrir námsefni sem gerir ráð fyrir því að unnið sé eitthvað meira með þjóðlögin okkar. Það að syngja þjóðlögin og kynna þannig menningararfinn er ágætt en það er hægt að gera svo mikið meira og þannig skilur kennslan miklu meira eftir sig. Þar fyrir utan tel ég að afmarkaðir námsefnispakkar eins og námsefnið sem hér um ræðir séu vel fallnir til tónmenntakennslu.

Þó svo að stór hluti tónlistar byggir á sömu lögmálum, það er að segja tónum og takti, er tónlist mjög fjölbreytt í eðli sínu. Í ljósi þessa kynni einhver að spyrja hvort ekki væri nauðsynlegt að tengja þessa ólíku heima tónlistarinnar saman. Einmitt þess vegna finnst mér kjörið að vinna með eitthvað eins og íslensk þjóðlög og tengja þau við ólíka menningarheima. Þetta má gera með því að útsetja þau í ýmsum stílum og bera þau saman við þjóðlög annara landa.

Samkvæmt áfangamarkmiðum við lok sjöunda bekkjar eiga nemendur að geta sungið íslensk þjóðlög, þekkja þau og hafa fengið einhverja innsýn í þróun þeirra og sérkenni. Þessi markmið lágu til grundvallar við námsefnisgerðina en einnig lagði ég upp með að flétta inn í hana fleiri námsmarkmið í gegnum þessa vinnu. Þar með talin eru námsmarkmið í lestri, ritun og hljóðfæraleik. Einnig spannar námsefnið ýmis markmið sem eiga við á unglingsstigi, svo sem að nemendur hafi unnið með rafmagnshljóðfæri og tölvur (Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar 2007:29-30, 35). Markmið námsefnisins eru því margþætt og eiga bæði við um mið- og unglingsstigi í rökréttu framhaldi af markmiðum yngsta stigs.

Samþætting:

„Tónmenntarnámsgreinin hefur margþætt tengsl við allar greinar því tónlist er samofin flestu því sem menn taka sér fyrir hendur“ (Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar 2007:22). Eins og segir í þessari klausu þá tengist tónmennt öllum greinum skólakerfisins. Í tónmennt er lesinn texti og það hjálpar við lestrarkennslu. Skrift, framkoma, reikningur, bókmenntir, hreyfing, samfélagsfræði, lífsleikni, erlend tungumál, íslenska, tjáning, skapandi hugsun, einbeiting og skipulag. Allt þetta og margt fleira er hægt að samþætta inn í góða tónmenntakennslu. Þess vegna er það mikilvægt að námsefni sé þannig úr garði gert að það hjálpi kennurum við að samþætta tónmennt öðrum námsgreinum.

Allir kennarar eru íslenskukennarar (Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti 2007:9). Íslenska er mjög mikilvægur þáttur í allri kennslu. Eða eins og segir í *Aðalnámskránni*: „Miklu skiptir að nemendur átti sig á hve mikilvæg íslenskan er fyrir hugsun þeirra, sjálfsmynd og framtíð í námi og starfi“ (Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska 2007:5). Með þetta að leiðarljósi setti ég lítil orðabókarverkefni með hverju lagi í námsefninu mínu. Þetta gerði ég líka vegna þess að flest ljóðin í námsefninu eru mjög gömul og þar af leiðandi mikið um orð sem ekki eru áberandi í dag. Þó að aðeins sé spurt um eitt orð úr hverju ljóði geta kennarar notað tækifærið og spurt út í fleiri. Einnig væri áhugavert að láta nemendur skrifa þau orð sem þeir ekki skilja og fletta þeim síðan upp í orðabók.

Samfélagsfræði er einnig áberandi í námsefninu þó að ekki sé minnst beint á hana. Mikill hluti textanna í námsefninu hafa beina skýrskotun til samfélagsfræðinnar sem námsgreinar. Það er að segja, leitast er við að nemendur fái sem skýrasta mynda af því umhverfi sem að þjóðlögin spretta upp úr. Þannig styður námsefnið þau markmið sem áður hafa komið fram í greinargerð þessari um að nemendur öðlist heildarsýn á sögu landsins.

Samþætting við fleiri námsgreinar er að finna í námsefninu, bæði beint og óbeint. Það eru til að mynda tengingar við dans og leikræna tjáningu. En dans má einnig líta á sem hluta af tónmennt (Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar 2007:28). Þá er komið töluvert inn á upplýsingatækni sem á að vera sjálfsagður hluti af námi barna og unglinga (Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti 2007:9). Auk samþættingar við aðrar námsgreinar sem hafa verið nefndar reyni ég að samþætta

námsefnið öðru útgefnu efni í tónmennt. Á mörgum stöðum er bent á aðrar bækur sem veita meiri upplýsingar um viðkomandi umfjöllunarefni.

Lokaorð:

Markmiðið með þessu lokaverkefni var að búa til nothæft námsefni sem félli vel til kennslu á mið- og unglíngastigi grunnskóla. Við vinnuna reyndi ég að hafa það bak við eyrað að gera námsefnið ekki of fræðilegt eða torskilið. Ég hafði það að leiðarljósi að þetta væri aðgengilegt efni sem hentaði vel til kennslu. Námsefnið uppfyllir vissulega ekki öll lokamarkmið fyrir miðstignemanda í tónmennt enda var það aldrei ætlunin. Aftur á móti samrýmist það vel mörgum af þeim markmiðum sem kveðið er á um að eigi að nást samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla*.

Það er skoðun mín að ef þetta námsefni væri gefið út þá myndi það bæta töluvert við það námsefni sem fyrir er á markaðnum þar sem þetta er aðgengilegt efni um íslenskan arf sem við eigum öll. Í efninu er bent á margar leiðir til að vinna áfram með íslensku þjóðlögin okkar og þannig tengja þau við nútímann og þann veruleika sem börn og unglíngar þekkja í dag. Þessa síðastnefndu staðreynd tel ég mjög mikilvæga til þess að þjóðlögin okkar lifi áfram með þjóðinni og deyji ekki út.

Þá held ég að flest það sem skiptir máli um lokaverkefnið mitt sé komið á blað og þeim spurningum sem ég lagði upp með sé svarað. Að lokum vil ég benda þeim sem þessa greinargerð lesa á að námsefnisgerð er skemmtileg vinna. Vissulega er hún krefjandi en þegar allt kemur til alls er það staðreynd að allt sem eykur fjölbreytni á námsefnismarkaðnum er af hinu góða. Það er nefnilega alltaf gott að hafa val.

Lærdómurinn lífið er,
löngum er það vitað.
Hugsjónir og harma kver,
hafa þjóðir ritað.
SP.

Samúel Þorsteinsson

Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti. Icelandic. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Aðalnámskrá grunnskóla. Íslenska. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Aðalnámskrá grunnskóla. Listgreinar. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Aðalnámskrá grunnskóla. Samfélagsfræði. 2007. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Armstrong, Thomas. 2000. *Fjölgreindir í skólastofunni.* Erla Kristjánsdóttir íslenskaði. JPV útgáfa, Reykjavík.

Guðmundur Finnbogason. 1994. *Lýðmenntun: hugleiðingar og tillögur.* Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.

Loftur Guttormsson. 1996. Norwegian Bokmal. „Kennsla heima og í skóla. Þáttur heimila í barnafræðslu á Íslandi 1907-1930.“ *Uppeldi og menntun*, bls. 9-22. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.

Með undirskrift minni hér fyrir neðan staðfesti ég að ég hef unnið þetta verk eftir bestu vitund og þekkingu. Allt efni sem notað er í greinargerðina og námsefnið er mitt eigið nema annað sé tekið fram.

Akranes 29. apríl 2009

Samúel Þorsteinsson
120882-4659